

Haustönn 2022

NÁMSKEIÐ

Námskeið fyrir fósturforeldra

Staðsetning

Auglýst síðar

Námskeiðslýsing: Fræðslu- og undirbúningsnámskeið fyrir verðandi fósturforeldra sem sótt hafa um leyfi til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Samhliða námskeiðinu fer jafnframt fram mat á hæfni umsækjenda.

Námskeiðið er kennt á tímabilinu 30. sept. – 26. nóv 2022.

Námskeið fyrir tengiliði

Staðsetning

(skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna)

Netnámskeið

Námskeiðslýsing: Hnitmiðað netnámskeið þar sem fjallað er um hlutverk tengiliðar og samþættingu þjónustu. Einnig er farið yfir hagnýt atriði sem nýst geta við vinnslu mála og viðfangsefnið sett í raunhæft samhengi.

Áætlað er að námskeiðið verði aðgengilegt í október 2022.

MÁLSTOFUR / KYNNINGAR

Kynning um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002

Staðsetning

(umdæmaráð og barnaverndarþjónustur)

Borgartún 21

Lýsing: Boðið verður upp á kynningu fyrir barnaverndarstarfsmenn um þær breytingar sem taka gildi 1. janúar nk. og lúta að umdæmaráðum og barnaverndarþjónustum. Kynningin verður einnig aðgengileg í streymi.

Dags. 5. október, kl. 10:00

Málstofa: samspil barnaverndarlaga og barnalaga

Lýsing: Boðið verður til málstofu fyrir fagaðila þar sem rædd verða álitaefni tengd samspili barnaverndarlaga og barnalaga. Leitast er við að skýra hlutverk þeirra opinberu aðila sem jafnan hafa aðkomu að forsjár, -umgengnis, og lögheimilisdeilum og hvenær rétt er að barnaverndaryfirvöld bregðist við í slíkum málum.

Dags. 19. október 2022.

Nánari dagskrá og staðsetning auglýst síðar.

Málstofuröð: Barnavernd á COVID tímum

Lýsing: Um er að ræða morgunverðarmálstofur sem opnar eru öllum, með það að markmiði að draga lærdóm af COVID-19 faraldrinum út frá sjónarhóli barnaverndar.

Málstofurnar verða 4 í heild, allar undir hattinum “Barnavernd á COVID tímum”, hver með sína áherslu:

1. Líkamlegt og tilfinningalegt (andlegt) ofbeldi gegn börnum, **dags. 7. október.**
2. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, **dags. 25. nóvember.**
3. Börn foreldra í áfengis og/eða fíkniefnaneyslu, **dags. 3. febrúar.**
4. Áhættu hegðun og líðan unglinga, **dags. 10. mars.**

Málstofurnar verða haldnar í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21 og verða einnig aðgengilegar í streymi.

AÐRIR VIÐBURÐIR

Starfsdagur Barna- og fjölskyldustofu með samtökum stjórnenda í velferðarþjónustu (SSV)

Lýsing: Barna- og fjölskyldustofa býður samtökum stjórnenda í velferðarþjónustu á sameiginlegan fræðslu- og vinnudag þar sem kafað verður ofan í áhugaverð málefni tengd barnavernd og farsæld barna.

Vinnudagurinn er skipulagður í samstarfi við SSV. Tímasetning auk nánari dagskrár verður auglýst síðar.

Svæðisbundnir fræðsludagar fyrir tengiliði sveitarfélaga

Lýsing: Barna- og fjölskyldustofa mun bjóða upp á svæðisbunda fræðslu fyrir tengiliði skv. nánara skipulagi og samstarfi við viðkomandi sveitarfélög. Þar verður leitast við að bjóða upp á dýpri yfirferð yfir hlutverk tengiliða og raunhæfum álitefnum og áskorunum velt upp út frá reynslu þjónustuveitenda og tengiliða sem starfa skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.*

*Sé óskað sérstaklega eftir fræðslu fyrir tengiliði vinsamlegast hafið samband við Farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu. Mun stofan bregðast við slíkum beiðnum eins skjótt og unnt er, þó með hliðsjón af verkefnastöðu, mannafla og tíma sem undirbúningur slíkrar fræðslu krefst.
